

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2002 frá 19. apríl 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB frá 4. desember 2001 um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga **lestun og losun** búlkaskipa ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/105/EB frá 19. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 94/57/EB um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB frá 19. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/21/EB um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 13, 16.1.2002, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56k. **32001 L 0096**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB frá 4. desember 2001 um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga **lestun og losun** búlkaskipa (Stjtið. EB L 13, 16.1.2002, bls. 9).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 55b (tilskipun ráðsins 94/57/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0105**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/105/EB frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 9).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56b (tilskipun ráðsins 95/21/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0106**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17).“

4. gr.

Texti tilskipana 2001/96/EB, 2001/105/EB og 2001/106/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann